



Meðvituð samvinna skiptir máli




Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæjar




Samvinnuverkefni

- Minnst hér á nokkur samvinnuverkefni
- Lífvænleg bæjarfélög eru byggð upp á samvinnu þeirra einstaklinga sem þar búa
- Nauðsyn er á slíkri samvinnu einkum og sér í lagi hjá þeim sem búa á landsbyggðarinni þar sem kjarnar eru minni




Samvinnuverkefni Snæfellsbæjar

- Staðardagskrá 21 – grunnur að sjálfbærri þróun í umhverfisvænni ferðapjónustu
- Snæfellsbær var í fyrsta hópi þeirra bæjarfélaga sem hófu vinnu að Staðardagskrá 21
- Úttekt á stöðu mála, markmið og áætlanir var unnin af breiðum hópi íbúanna




Staðardagskrá 21 í Snæfellsbæ

- Sú samvinna skilaði góðum árangri undir styrkri stjórn Guðlaugs Bergmann verkefnisstjóra
- Snæfellsbær hlaut viðurkenningu umhverfisráðuneytisins enda eina bæjarfélagið í yfir 9 mánuði sem samþykkt hafði, markmið og framkvæmdaráætlun Staðardagskrár




Samvinna við Iðntæknistofnun

- Vegna árangurs í Staðardagskrá 21 leitaði Iðntæknistofnun til Snæfellsbæjar sem samstarfsaðila í rannsóknarverkefni um ferðapjónustu á norðurslóð
- Verkefninu er nýlokið og hefur það styrkt samstarf milli ferðapjónustuaðila og annarra þjónustuaðila í Snæfellsbæ




Niðurstöður rannsókna

- Í niðurstöðum kannana sem lagðar voru fyrir ferðamenn sumarið 2001 og 2002 kemur m.a. fram:
- Almenn ánægja með ástand umhverfis í Snæfellsbæ
- Að náttúran er aðalaðdráttarafi ferðamannsins
- Að menning og saga dregur líka að




Samvinna ferðapjónustuaðila

- Fyrsti vísir að ferðapjónustuklasa í sunnanverðum Snæfellsbæ
- Árið 2001 tóku átta ferðapjónustuaðilar sig saman og gáfu út kort og upplýsingar um svæðið sem gestir þeirra eru að koma til að sjá
- Verkefnið skilaði góðum árangri og gaf meiri heildarmynd af svæðinu




Samvinna ...

- Samvinna þessara ferðapjónustuaðila gott dæmi um hvernig samkeppnis- aðilar geta hagnast á samvinnu
- Hefur orðið hvati að umræðu um nánara samstarf meðal ferða- þjónustuaðila innan bæjarfélagsins




Ferðapjónustubændur

- Í mars s.l. var aðalfundur Ferðapjónustu bænda haldinn á Arnarstapa
- Fundurinn samþykkti að innan tveggja ára myndu allir aðilar innan Ferðapjónustu bænda vera búnir að taka upp umhverfisstefnu
- Sú ákvörðun er merki um mikla samvinnu meðal ferðapjónustubænda




Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

- Við undirbúning og stofnun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls reyndi mikið á samvinnu milli heimamanna og Náttúruverndar ríkisins
- Sú samvinna skilaði góðum árangri og fyrsta starfssumar þjóðgarðsvarðar sýnir að áframhald er þar á




Nýtt samvinnuverkefni

- Nú eru í gangi umræður um nýtt og stærra samvinnuverkefni en áður hefur verið lagt út í
- Bæjarfélögin þrjú á Snæfellsnesi - Snæfellsbær, Grundarfjörður og Stykkishólmur hafa hafið umræður um að gera Snæfellsnes að einu ferðamannasvæði




Nýr klasi í ferðapjónustu

- Í hugum margra er Snæfellsnes nú þegar eitt ferðamannasvæði – en hugmyndin er að taka málið einu skrefi lengra og vinna að því að gera Nesið að fyrsta sjálfbæra og umhverfisvæna ferðamannasvæðinu á landinu
- Og leita jafnframt eftir vottun frá **GREEN GLOBE 21** fyrir svæðið




Mögulegt verkefni

- Snæfellsnes er nokkuð landfræðilega afmarkað
- Innan Snæfellsness eru bæjarfélög sem hafa sýnt að þau geta unnið saman
- Um Snæfellsnes liggur hringvegur
- Tengivegir liggja yfir fjallgarðinn á nokkrum stöðum




Mögulegt ...

- Meginatvinnuvegir allra þriggja bæjarfélaga eru nokkuð einsleitir
- Nú þegar er rekin umfangsmikil ferðapjónusta í öllum bæjarfélögum
- Snæfellsnes er áfangastaður sem fer hratt upp vinsældalista ferðamanna
- Yst á Snæfellsnesi er þjóðgarður




Mögulegt ...

- Öll bæjarfélögin á Snæfellsnesi eru virk í vinnu að Staðardagskrá 21 en vottunarstefna **GREEN GLOBE 21** byggir á henni
- Margir á Snæfellsnesi eru innan vébanda Ferðapjónustu bænda sem vinnur að því að taka upp umhverfisstefnu á næstu tveimur árum




Mögulegt ...

- Þegar liggja fyrir ýmsar upplýsingar úr samstarfi Snæfellsbæjar og Iðntæknistofnunar sem ættu að nýtast við skipulagningu á þessu verkefni
- Þjóðgarðsvörður hefur látið fara fram talningu á fjölda ferðamanna í Djúpalóni í sumar




Mögulegt ...

- Ferðamálaráð býr yfir óbirtum upplýsingum um rannsóknir á þolmörkum á Snæfellsnesi sem myndu nýtast við undirbúning á þessu verkefni




Samvinna margra

- Málið hefur verið rætt við Samgöngu-
ráðuneytið og Umhverfissráðuneytið og
bæði ráðuneyti sýnt því áhuga
- Grunnskýrsla um þá verkþætti sem
úttekt, markmið og framkvæmdaáætlun
þurfa að ná til liggur fyrir frá **GREEN
GLOBE 21**



Samvinna ...

- Að verkefninu munu koma bæði innlendir og erlendir aðilar
- Meginþunginn mun þó hvíla á heimamönnum í hverju bæjarfélagi fyrir sig því mikilvægt er að þar ríki góð samvinna allra við mótun á heildarstefnu um sjálfbæra þróun í ferðaþjónustu



Mikilvægir þættir

- Bæjaryfirvöld á Snæfellsnesi telja þetta mikilvægt skref í atvinnuþróun svæðisins
- Með heildarmarkmiði er ljóst að hugað verður að verndun náttúru, menningar og sögu svæðisins
- Meðvituð samvinna skiptir því máli og er nauðsynleg til árangurs